

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Keilis um uppbyggingu á vélarskemmu

Mál nr. 2210368

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, og Golfklúbburinn Keilir, kt. 680169-6919, gera með sér svohljóðandi samning á grundvelli samstarfssamninga Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar:

1. gr.

Samningurinn tekur til byggingar á frostfrírri 480 fermetra vélaskemmu að Steinholti 7 Hafnarfirði.

2. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við samstarfssamninga bæjarins og Íþróttabandalagsins og greiðir um 80% af áætluðum framkvæmdakostnaði en Golfklúbburinn Keilir greiðir um 20%.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun upp á 88 milljónir með virðisaukaskatti síðan í febrúar 2021 sem gerð er af Mannviti. Hlutur Hafnarfjarðarbæjar verði þannig 70,4 milljónir kr. og hlutur Golfklúbbsins Keilis kr. 17,6 milljónir.

4. gr.

Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar vegna framkvæmdanna ákvarðast í fjárhagsáætlun hvers árs.

Hafnarfjarðarbær áætlar að greiða sinn hlut með fjórum greiðslum, fyrst í febrúar árið 2023 að upphæð 21.000.000 kr og svo í febrúar 2024 21.000.000 kr. og febrúar 2025 20.000.000 kr og lokagreiðsla í febrúar 2026 8.400.000 kr. Endanleg upphæð árána 2024, 2025 og 2026 er þó bundin samþykki bærstjórnar hverju sinni.

5. gr.

Verði hraði framkvæmda meiri en fjárveitingar samkvæmt ofanrituðu leyfir er Golfklúbbum Keili heimilt að fjármagna framkvæmdir með lántöku þar til framlög af fjárhagsáætlun koma, enda ber Golfklúbburinn Keilir allan fjármagnskostnað.

Tefjist þó greiðslur frá Hafnarfjarðarbæ frá því er getur í grein 4 hér að ofan, mun Hafnarfjarðarbær greiða fjármagnskostnað þar af lútandi.

Lántökur þessar skulu gerðar í fullu samráði við Hafnarfjarðarbæ sem veitir veðheimild í umræddum mannvirkjum.

6. gr.

Golfklúbburinn Keilir mun sjá um allar framkvæmdir samkvæmt fyrirbyggjandi framkvæmdaráætlun. Áætlað er að framkvæmdum muni ljúka á árinu 2023 en undirbúningsvinna, hönnun og jarðvinna er þegar hafin. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að fylgjast með öllum framkvæmdum og kostnaðarliðum og að greiðslur úr bæjarsjóði verði ekki umfram framvindu framkvæmdanna hverju sinni. Til verksins mun Hafnarfjarðarbær skipa sérstakan eftirlitsmann, sem mun sjá um eftirlit með verkinu og veita Golfklúbbnum Keili tæknilega ráðgjöf.

7. gr.

Öll mannvirki sem munu verða á svæði Golfklúbbsins Keili eru óframseljanleg nema til komi samþykkt bæjarráðs Hafnarfjarðar og skal þá andvirðið renna til rétthafa, Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Keilis, í réttu hlutfalli við eign þeirra í mannvirkjum.

8. gr.

Það er skilningur aðila að í framkvæmdir þessar sé ráðist til eflingar golfíþróttarinnar og vegna umhirðu knattspyrnugrasvalla í bænum og að tryggt sé að vélarkostur félagsins sé varinn og viðhaldið eins og best verður á kosið.

9. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Hafnarfirði, 22. febrúar 2023

F.h. Hafnarfjarðarbæjar:

F.h. Golfklúbbsins Keilis:

Fylgigögn:

Erindi Keilis til bæjarstjóra dagsett 6.september 2022

Kostnaðaráætlun dagsett febrúar 2022

Byggingalýsing unnin af Tearnk 28. mars 2021

Framkvæmdaráætlun